



Skýrsla Vinnís fyrir starfsárið 2004-2005

Aðalfundur Vinnís 2004

Sjöundi aðalfundur Vinnís var haldinn í húsi Orkuveitu Reykjavíkur þann 14. apríl 2004. Haraldur Haraldsson, deildastjóri öryggismála og vinnuumhverfis hjá Orkuveitunni tók á móti félagsmönnum og leiddi hópinn um hin nýju og glæsilegu húsakynni. Hann kynnti starfsemina og þá sérstaklega vinnuverndarstarf fyrirtækisins. Veitingar voru í boði Orkuveitunnar. Dagskrá aðalfundar var með hefðbundnum hætti.

Í árskýrslu félagsins kom fram að félagsmönnum hafði fækkað á starfsárinu 2003-2004 um 15 en aðrir 5 bættst í hópinn og voru þá 81 skráðir félagsmenn.

Heimasíða félagsins hafði verið eflað og fréttablaðið fært úr hefðbundnu bréfaformi í rafrænt og birt eingöngu á heimasíðu félagsins og sent félagsmönnum í tölvupósti.

Stærsti viðburður í sögu félagsins var NES ráðstefnan, haldin í Reykjavík 10.-13. ágúst. Ráðstefnan gekk með eindæmum vel og var formanni og stjórn til mikils sóma. Ráðstefnan færði Vinnís beinan hagnað upp á 260.000 ísl. kr. og samkvæmt starfsreglum fékk NES greiðslu upp á 75.000 SEK.

Tillögur stjórnar um breytingar á 6. gr. um að aðalfundur skuli haldinn eigi síðar en í apríl ár hvert voru samþykktar, einnig var samþykkt tillaga um breytingu á 7. gr. að kosnir verði tveir varamenn í stjórn til eins árs í senn. Nýtt ákvæði til bráðabirgða um að breytingar á lögnum öðlist þegar gildi á aðalfundi var einnig samþykkt.

Þórunn Sveinsdóttir, formaður Vinnís frá stofnun félagsins hættir sem formaður og Berglind Helgadóttir, sjúkraþjálfari sem starfar í rannsókn- og heilbrigðisdeild Vinnueftirlitsins var kosin til eins árs. Þórunni var þakkað sérstaklega fyrir hennar framlag til félagsins og vinnuvistfræðinnar þar sem hún hefur unnið mjög óeigingjarnt starf alveg frá stofnum Vinnuvistfræðifélags Íslands.

Í stjórn hættu Aðalheiður Sigurðardóttir og Gestur Pétursson verkfræðingur. Var þeim þakkað fyrir vel unnin störf. Tveir nýir stjórnarmenn voru kosnir til tveggja ára, þau Haraldur Haraldsson, vinnuvistfræðingur sem starfar hjá Orkuveitunni og Svava Jónsdóttir sérfræðingur hjá Vinnueftirlitinu. Áfram í stjórn sátu þau Ágústa Guðmarsdóttir sjúkraþjálfari og Snorri Ingimarsson verkfræðingur. Björg Þórðardóttir iðjuþjálfari gaf áfram kost á sér sem varamaður í stjórn og Hildur Friðriksdóttir félagsfræðingur kom inn sem nýr varamaður í stjórn. Auður Ólafsdóttir sjúkraþjálfari og Björn S. Pálsson eftirlitsmaður hjá Vinnueftirlitinu voru kjörin sem endurskoðendur til eins árs.

Samþykkt var að félagsgjöldin yrðu óbreytt, þ.e. 2000 kr fyrir einstakling og 15.000 kr. fyrir fyrirtæki.

Félagsstarfið

Innra starf stjórnar

Stjórnin Vinnís;

Berglind Helgadóttir, formaður

Ágústa Guðmarsdóttir, varaformaður

Svava Jónsdóttir, ritati

Snorri Ingimarsson, gjaldkeri

Haraldur Haraldsson, meðstjórnandi

Á árinu voru haldnir 9 stjórnarfundir. Helstu viðfangsefni stjórnar starfsárið 2004-2005 hafa verið:

- Heimasíðan. Stjórnin hefur ítrekað farið yfir heimasíðu félagsins og reynt hefur verið að gera heimasíðuna aðgengilegri og áhugaverðari. Umbætur hafa gengið hægt en miða í rétta átt. Rætt hefur veri um þjónustustig síðunnar, hvort ætti að senda tölvupóst á félagsmenn þegar nýtt efni kemur á síðuna, eða þegar maður vill vekja athygli á eitthverju. Snorri Ingimarsson var tæknilegur stjórnandi heimsíðunnar en Berglind Helgadóttir ritstjóri.
- Fréttablað var sent til allra félagsmanna í júlí og sett á heimasíðuna. Ágústa Guðmarsdóttir var ritstjóri fréttablaðsins.
- Menntamál. Umræða hefur verið um menntunarmál í vinnuvistfræði, skoðunarkönnu var gerð um kennslu í vinnuvistfræði meðal félagsmanna og skóla á háskólastigi. Ljóst er að ekki er um nám að ræða í vinnuvistfræði hér á landi sem gefur gráður eða sérfræðiréttindi, einungis er um að ræða stutt námskeið í vinnuvistfræði, sum námskeiðin er liður í öðrum námskeiðum. Vinnuvistfræði er kennd í Háskóla Íslands í Félagsvísindadeild, Sjúkraþjálfunarskor, Iðnaðar – og vélaverkfræðideild og í meistaranám í viðskipafræði og mannauðsstjórnun. Í Háskólanum á Akureyri er vinnuvistfræði kennd á Iðjuþjálfunarbraut. Í Tækniháskólinn er vinnuvistfræði kennd í námi í orku- og umhverfistækni.
- Það fréttist á vormisserinu að rektor HÍ stefndi að því að koma á kennslu í lýðheilsufræðum innan HÍ. Stjórn Vinnís sendi rektori HÍ bréf vegna þessa, þar sem lýst var ánægju með þá áætlun og þess óskað að Vinnís fengi að koma að þeim undirbúningi þar sem vinnuvistfræðin væri mikilvægur þáttur lýðheilsu.
- Rekstur félagsins hefur gengið vel. Vísað er til ársreikninga gjaldkera.

Félagsfundir

- Í tilefni evrópsku vinnuverndarvikunnar í lok október 2004 hélt Vinnís morgunverðarfund 21. október 2004. Yfirskrift fundarins var; **Öryggis- og heilbrigðisáætlun við byggingaframkvæmdir og mannvirkjagerð**. Ístak stóð að fundinum með Vinnís og eiga þeir þakkir skyldar og þá sérstaklega Kolbeinn Kolbeinsson aðstoðarframkvæmdastjóri Ístaks, sem stóð að funinum með okkur. Á fundinn mættu um 80 manns og ánægjulegt var að margir voru úr röðum stjórnenda

verkfræði- og byggingarfyrirtækja en einnig aðrir áhugmenn um vinnuvernd.

- Félagssfundur var haldinn í byrjun aðventunnar, þann 8.des.2004 í litlu Brekku. Inghildur Einarsdóttir sérfræðingur í þróunar- og eftirlitsdeild Vinnueftirlitsins kynnti meistaranám í vinnuvistfræði í Loughborough University í Englandi. Hún kynnti einnig lokaverkefni sitt til Msc ergonomics frá sama skóla, sem hún lauk í des. 2004 . Fundurinn var fámennur, 5 manns en vel fór á með fundargestum yfir jólagöggi og piparkökum.
- Opinn morgunverðarfundur var haldinn í Víkingasal Hótel Loftleiða 2. mars 2005. Yfirskrift fundarins var **Hvernig vinna ráðgjafar í vinnuvernd ?** Gunnhildur Ottósdóttir sjúkraþjálfari sagði frá reynslu sinni af ráðgjafastörfum hjá Símfóníuhljómsveit Íslands undanfarin 5 ár, Gestur Pétursson verkfræðingur, framkvæmdastjóri Inpro talaði um öryggismenningu og öryggisvitund og Guðmundur Kr. Guðmundsson, arkitekt sagði frá reynslu sinni af hönnun bygginga með tilliti til hávaða.

Erlent samstarf

- **NES** (Nordiska Ergonomi Sällskapet). Fulltrúar Vinnís í stjórn NES voru kostnir; Berglind Helgadóttir og Svava Jónsdóttir og varamenn Ágústa Guðmarsdóttir og Haraldur Haraldsson.
 - Haustfundur stjórnar NES haldinn í Koldin 15.-16. ágúst. Þórunn Sveinsdóttir sótti fundinn fyrir hönd Vinnís en Berglind Helgadóttir forfallaðist og komst ekki.
 - Hin 36. ráðstefna NES 2004**, var haldin í Kolding í Danmörku 16.-18 ágúst. Yfirskrift ráðstefnunar var **Working Live Ethics**. Undirbúningur ráðstefnunar þótti hefjas of seint hjá Dönunum og þátttakan varð fremur dræm. Rekstrarleg afkoma ráðstefnunar varð því slæm eða með halla upp á -77. 806 Dk.
 - Vorfundur stjórnar NES 2005 var haldinn 19.-20. mars sl. Berglind Helgadóttir sótti fundinn fyrir hönd stjórnar Vinnís.
 - Hin 37. ráðstefna NES 2005 verður haldin í Osló 10-12 okt.** Yfirskrift ráðstefnunar verður **Ergonomics as a tool in future and value creation**. (www.nes2005.org)
- Vinnuvistfræðinám á netinu. NES hefur veið í samstarfi við háskólann í Kuopio í Finnlandi um að þróa grunnám (kynningarkúrs) í ergonomíu á netin. Þetta er 3 ein. fjarnám sem varir í 4 mánuði. Þegar er búið að keyra kúrsinn einu sinni í Finnlandi. Mat nema á náminu og var mjög gott. Sótt var um styrk (NOFA: Nordisk Forskerutdanningsakademi) til að þýða námið yfir á ensku en hann fékkst ekki. Verkefnið strandar hér v.þ.a fjármagn vantar til að halda árfam en verið er að vinna að því að finna lausn á því.
- Heimasíða NES (www.nordiskergonomi.org) er í stöðugri þróun. Óskað hefur verið eftir því að aðildarlöndin sendi efni inn til ritstjóra heimasíðunnar ca.annan hver mánuð. Jafnframt að senda reglulega upplýsingar um það sem markvert er að gerast hjá okkur. Hvet ég félagsmenn að vera með okkur á þeirri vakt og senda okkur efni og hugmyndir.

- **FEES** (Federation of the Ergonomics Societies) regnhlífarsamtök vinnuvistfræðifélaga í Evrópu. Stjórn Vinnís tók þá ákvörðun að félagið yrði ekki neðlimur í FEES að svo stöddu. Danska systurfélagið hefur tekið sömu stefnu en norska og sænska félagið gengu í félagið gegnum NES. Finnska var þegar félagið í FEES.
- **IEA** (International Ergonomics Association). Heimasíða samtakanna er www.iea.cc Þar er að finna margar gagnlegar upplýsingar. Ritstjóri heimasíðunnar hefur reynt að koma á nethópi ritstjóra heimasíðu aðildarfélaganna og óskar eftir að fá fréttablað aðildarfélaganna (á tungumáli aðildafélaga) senda reglulega. Fyrir hönd NES sótti Þórunn Sveinsdóttir árlegan fund aðildarfélaganna sem fór fram á Madeira í júlí 2004.

Stjórn þakkar öllum þeim sem hafa tekið þátt í félagsstörfum starfsársins. Stjórnarmönnum Ágústu Guðmarsdóttur og Snorra Ingimarssyni og varamann í stjórn Björgu Þórðardóttur þakkar stjórnin vel unnin störf og skemmtilega samveru. Nýjum stjórnarmönnum er fagnað og boðnir velkomnir til starfa.